

Munaðarnes: rennsli og hiti vatns úr MN-02

Þórólfur H. Hafstað

Greinargerð ÞHH-2002-11

Munaðarnes Rennsli og hiti vatns úr MN-02

Í Munaðarnesi er borholan MN-02 (nr. 29562 í borholuskrá). Hún var boruð árið 1992 og varð 969 m djúp, er hrundi að hluta til á um 260 m dýpi. Heitt vatn streymir þó þar í gegn frá botnæð og er sjálfrennsli úr holunni. Það var mælt þann 13. nóvember og hiti á vatninu upp komnu.

Utan um holutopp er forsteyptur brunnhringur, sem tekur við vatninu sem upp úr holustútnum streymir. Lítið yfirfallsgat er í um 50 cm hæð yfir jörð á hlið brunnsins. Frá brunnum er vatnið leitt í nokkur hundruð lítra stálgeymi, en frá honum er dælt til bæjar og bústaða. Yfirfallspípa er á geyminum. Um hana rann þegar að var komið, þó dælt væri úr geymi.

Slökkt var á dælunni og lokað fyrir rennsli út á dreifikerfið. Við það fylltist geymirinn og rann góð buna um yfirfallið; hún mæld með 13 l fötu og skeiðklukku = 1,24 l/s.

Ennig rann um yfirfallsgatið í brunnhringnum; þar í sett rörbútur og rennslið mælt = 0,51 l/s.

Örlítil bleyta er umhverfis brunnhringinn, sem einungis er lítillaga grafinn í jörð og virðist örlítið vatn smita jafnt og þétt út í jarðveginn frá honum. Þetta smit, ásamt smáyringi meðfram rörinu í yfirfallsgatinu, var metið vera sem næst = 0,25 l/s.

Niðurstaðan er sú, að heildarrennsli úr holu MN-02 er **2,0 l/s**.

Hitinn var mældur þar sem vatnið flæddi upp um holustútin; notaðir tveir hitamælur. Hiti vatnsins úr MN-02 er **85,8°C**.

Þórólfur H. Hafstað